

Snæfellingar. Minnisblað um fjármál

Dagsetning:	11. nóvember 2021
Verkkaupi:	Eyja- og Miklaholtshreppur og Snæfellsbær
Efni:	Drög að minnisblaði um fjármál til umræðu á íbúafundi.
Viðtakandi:	Samstarfsnefnd
Höfundur:	Róbert Ragnarsson, Freyja Sigurgeirsdóttir og Gunnar Úlfarsson, RR ráðgjöf

Viðmið um fjármál og rekstur sveitarfélaga

Þegar kemur að rekstri sveitarfélaga og fjármálum er almennt litið til þriggja megin viðmiða.

1. **Meginreglan um ábyrga fjármálastjórnun** kveður á um að sveitarstjórnnum ber að sjá til þess að rekstri, fjárfestingum, og ráðstöfun eigna og sjóða sé þannig hagað á hverjum tíma að sveitarfélagið muni til framtíðar geta sinnt skyldubundnum verkefnum sínum. Í því felst m.a. að veltufé frá rekstri sveitarfélags standi undir afborgunum langtímalána.

Snæfellsbær hefur haft 200–330 m.kr. jákvætt veltufé frá rekstri að frádregnum afborgunum langtímalána á tímabilinu 2015–2020. Eyja- og Miklaholtshreppur hefur haft frá um 100 þús.kr til 23 m.kr. jákvætt veltufé frá rekstri að frádregnum afborgunum langtímalána á tímabilinu 2015–2020, en árið 2018 var veltuféð neikvætt um 3,7 m.kr. Sameinað sveitarfélag hefði haft 200–350 m.kr. jákvætt veltufé frá rekstri að frádregnum afborgunum langtímalána á tímabilinu.

Vísbendingar eru um að sameinað sveitarfélag stæðist meginreglu um ábyrga fjármálastjórnun og að svigrúm til fjárfestinga væri ágætt.

2. **Jafnvægisreglan** segir að sveitarstjórnnum ber að sjá til þess að heildarútgjöld til rekstrar samstæðu á þriggja ára fresti sé ekki hærra en sem nemur samanlögðum reglulegum tekjum.

Á árunum 2017–2020 hafa bæði sveitarfélög uppfyllt skilyrði jafnvægisreglunnar og því hefði sameinað sveitarfélag einnig staðist regluna. Snæfellsbær hefur haft 600–710 m.kr rekstrarafgang til þriggja ára og Eyja- og Miklaholtshreppur á bilinu 10–30 m.kr.

Vísbendingar eru um að rekstur sameinaðs sveitarfélags yrði góðu rekstrarjafnvægi.

3. **Skuldareglan** segir að sveitarstjórnnum ber að sjá til þess að heildarskuldir og skuldbindingar samstæðu séu ekki hærra en nemur 150% af reglulegum tekjum ársins.

Snæfellsbær hafði skuldahlutfall á bilinu 84-74% á tímabilinu 2015–2020 og Eyja- og Miklaholtshreppur 11-17%. Árið 2020 hefði skuldahlutfall sameinaðs sveitarfélags verið um 71%. Sveitarfélögin standast skuldareglu, hvort sem er sameinað eða í sitthvoru lagi.


Snæfellsbær og Eyja- og Miklaholtshreppur stóðust fjárhagsleg viðmið árið 2020 og sameinað sveitarfélag hefði staðist þau.

Tekjustofnar sveitarfélaganna

Á myndinni að neðan er yfirlit og samsetning tekna sveitarfélaganna reiknað í þús. kr. á íbúa árið 2020. Landsmeðaltali er bætt við til þess að setja tekjur sveitarfélaganna í betra samhengi.

Vísbendingar eru um að:

- útsvarstekjur séu háar í Snæfellsbæ en lágar í Eyja- og Miklaholtshreppi
- fasteignaskattstekjur séu hlutfallslega lágar í báðum sveitarfélögum
- framlög Jöfnunarsjóðs séu hlutfallslega há í Eyja- og Miklaholtshreppi
- skatttekjur á íbúa séu hærri en landsmeðaltal í báðum sveitarfélögum




Eignir og skuldir sveitarfélaganna

Árið 2020 voru eignir Snæfellsbæjar tæplega 6.100 m. kr. en eignir Eyja- og Miklaholtshrepps tæplega 260 m.kr. Skuldir og skuldbindingar Snæfellsbæjar voru 2.000 m.kr. en 26 m.kr. hjá Eyja- og Miklaholtshreppi. Eignir sameinaðs sveitarfélags hefðu verið rúmlega 6.300 m.kr. og skuldir og skuldbindingar rúmlega 2.000 m.kr.


Á myndunum að neðan má sjá eignir og skuldir og skuldbindingar á íbúa í þús. kr. í sveitarfélögunum, auk sameinaðs sveitarfélags. Skuldir og skuldbindingar á íbúa eru hærri í

Snæfellsbæ en eignir á íbúa eru einnig hærri. Landsmeðaltal skulda og skuldbindinga á íbúa árið 2020 var 1.989 þús. kr. og má því álykta að skuldir hvors sveitarfélags sé hlutfallslega lágt í þeim samanburði.

Eignir á íbúa í þús. kr.



Skuldir og skuldbindingar á íbúa í þús. kr.



Framlög Jöfnunarsjóðs

Jöfnunarsjóður sveitarfélaga styður við sameinuð sveitarfélög. Framlöginn taka mið af ársreikningum sveitarfélaganna árið fyrir sameiningu. Jöfnunarsjóður sveitarfélaga greiðir framlögin út á sjö árum.

Áætlað er að framlög vegna sameiningar sveitarfélaganna tveggja, miðað við ársreikning ársins 2020, verði 593 m.kr.

Við sameiningu sveitarfélaganna koma útgjalda- og tekjufjöfnunarförlög þeirra til með að breytast. Samkvæmt þeim upplýsingum sem Jöfnunarsjóður sveitarfélaga veitti koma framlögin til með að lækka um sjö m.kr. miðað við óbreyttan fjölda sveitarfélaga á Íslandi og óbreytt jöfnunarkerfi.

	Snæfellsbær	Eyja- og Miklaholtshreppur	Sameinað
Skuldajöfnunarförlag	276 m.kr.	-	276 m.kr.
Fast förlag	100 m.kr.	100 m.kr.	200 m.kr.
Byggðaförlag	83 m.kr.	34 m.kr.	117 m.kr.
Samtals förlag	459 m.kr.	134 m.kr.	593 m.kr.

Stefna stjórnvalda er að fækka sveitarfélögum og breyta jöfnunarkerfinu á þann hátt að förlög renni frekar til meðalstórra sveitarfélaga.